

15. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 24. nóvember 2022 - fjárfundur.

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur G. Sigurbergsson, (GGS) Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Daði Þór Jóhannsson (DPJ), fulltrúi ungmennaráðs.

Forföll: Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ) og Lárus B. Lárusson (LBL).

Formaður setti fund kl. 17:01

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

AIP fór yfir starfið frá síðasta stjórnarfund. UMFÍ er flutt úr tímabundnu húsnæði á Hafnartorgi og er komið í tímabundna aðstöðu á Engjavegi 6. Stefnt er að því að nýjar höfuðstöðvar á Engjavegi 6 verði komnar í gagnid fyrir 16. desember nk. þegar stjórn fundar næst.

2. Fundargerðir stjórnar og nefnda lagðar fram til kynningar

- 18. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 5. fundargerð Útgáfu- og kynningarnefndar.
- 11. fundargerð Ungmennaráðs.

3. Aðildarumsókn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar að UMFÍ

- Tölvupóstur með umsókn
- Lög ÍBH
- Samþykkt tillaga á 52. sambandsþingi UMFÍ

52. sambandsþing UMFÍ, haldið á Húsavík 15.-17. október 2021 samþykkti að veita stjórn UMFÍ heimild til að samþykkja þau íþróttabandalög sem sambandsaðila sem ekki eru aðilar að samtökunum í dag ef umsókn þeirra um inngöngu berst.

Framkvæmdastjórn UMFÍ leggur til við stjórn að umsóknin verði samþykkt þar sem stjórn hefur heimild til að samþykkja ný íþróttabandalög skv. samþykkt á 52. Sambandsþingi UMFÍ.

Stjórn UMFÍ samþykkir aðildarumsókn ÍBH samhljóða og fagnar því að hreyfingin sé að stækka. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar er boðið velkomið í Ungmennafélag Íslands. Þjónustumiðstöð falið að bjóða ÍBH velkomið.

4. Nefndarstarf

- Umræða um stöðu nefndarstarfs
- Uppfærð erindisbréf nefnda

Farið yfir tillögur að uppfærðum erindisbréfum sex nefnda, Fjárhags- og fasteignanefnd, Vinnuhóps um íþróttahéruð og lottóreglur, Sjóða- og fræðslunefndar, Ungmennabúðanefndar, Ungmennaráðs og Útgáfu- og kynningarnefndar. Stjórn samþykkir uppfærð erindisbréf þessara nefnda og felur formönnum nefnda að kynna þau á næstu fundum nefndanna.

5. Fjármál

- Uppgjör fyrstu 10 mánaða ársins 2022 lagt fram til kynningar.
- Lokauppgjör móta lögð fram til kynningar.

DÞJ kom inn á fund kl. 17:51

6. Verkefni

- Umræða um stöðu verkefna - sjá stöðu verkefna neðst í fundargerðinni.
- Samantektir verkefna lagðar fram til kynningar - stjórn þakkar starfsfólki fyrir góðar samantektir.
 - Mótahald 2022
 - Málþing um nikótín
 - Sambandsráðsfundur

7. Stefnumótun

- Drög að skipuriti og mannauðs- og launastefnu lögð fram til kynningar.
- Farið yfir starfsáætlun stjórnar, aðgerðaáætlun með 87 markmiðum og tímalínur fram að sambandsþingi 2023.
- Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram vinnunni með það að leiðarljósi að skjölin verði lögð fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar.

RH vék af fundi kl. 18:10

8. Þrastaskógur

- Afrit af bréfi frá byggingarfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita til leigutaka, er varðar óleyfisframkvæmd í Þrastaskógi.
- Álit frá lögmanni UMFÍ lagt fram.
- Stjórn felur þjónustumiðstöð að senda fyrirspurn til opinberra eftirlitsaðila varðandi stöðvun framkvæmda í skóginum þar sem vitneskja er til staðar um að framkvæmdir séu enn í gangi.

9. Tilnefningar

- 14.11. '22 Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi tilnefningu í íþróttanefnd ríkisins. Framkvæmdastjórn leggur til að Haukur Valtýsson verði tilnefndur fulltrúi UMFÍ og RH til vara. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar.
- 14.11. '22 Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi tilnefningu í stjórn Íslenskra getrauna. Framkvæmdastjórn leggur til óbreytta fulltrúa UMFÍ; AIP og GG. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar.
- 16.11. '22 Bréf frá Forsætisráðuneytinu varðandi tilnefningu í sjálfbærniráð. Framkvæmdastjórn leggur til AIP og JSI til vara. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar.

10. Bréf sem borist hafa

- 20.10. '22 Bréf ÍBH með aðildarumsókn að UMFÍ.
- 20.10. '22 Bréf frá Byggingarfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita.
- 14.11. '22 Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi tilnefningu í íþróttanefnd ríkisins.
- 14.11. '22 Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi tilnefningu í stjórn Íslenskra getrauna.
- 16.11. '22 Bréf frá Forsætisráðuneyti varðandi tilnefningu í sjálfbærniráð.

Fundargerð samþykkt í lok fundar

Fundi slitið kl. 18:48
SÓJ ritaði fundargerð

YFIRLIT VERKEFNA

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Markaðsátak	Í vinnslu	September 2022	GG
Tölvukerfi	Í vinnslu	Lok árs 2022	GÞG

YFIRLIT AÐGERÐARÁÆTLUNAR

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Eftirfylgni markaðskönnunar	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Umfjöllunarefni í 2.tbl. Skinfxa	Lokið	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Greining á reglum	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Móta- og viðburðanefnd
Fjárhagsáætlun 2023	Lokið	4. ársfj. 2022	Fjárhags- og fasteignanefnd
Umfjöllunarefni í 3.tbl. Skinfxa	Lokið	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Mat á mótahaldi	Lokið	4. ársfj. 2022	Móta- og viðburðanefnd
Endurmat á aðstöðumálum	Ekki hafið	4. ársfj. 2022	Ungmennabúðanefnd
Úthlutun úr Fræðslu- og verkefnasjóði	Í vinnslu	Desember 2022	Sjóða- og fræðslunefnd